

Ed.

71. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verslun með tilbúinn áburð og fóðurbæti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Vjer teljum frumvarp þetta í fullu samræmi við þingsályktun Nd. Alþingis 1919, um mat á fóðurbæti og kjarnfóðri, og álitum mikla nauðsyn til þess bera, að það verði að lögum.

Vjer leyfum oss því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

- a. Við tölul. 3. »áburðurinn« í fyrri málsgrein falli burt.
b. — — — Í staðinn fyrir »Sje köfnunarefni í« komi:
Sje hyldi i.
c. — — 4. a. b. c. og d. Í staðinn fyrir »köfnunarefni« komi:
hyldi.

2. Við 2. gr.

- a. Við 1. málsgr. Í staðinn fyrir »melasse« komi:
sykurúrgangi (melasse).
b. — tölulíð 3. Í staðinn fyrir »og úr hverju það er tilbúið« komi:
og úr hverju hann er tilbúinn.
c. — — 5. Í staðinn fyrir »að svo sje eigi« komi:
að svo sje ekki.
d. — — 11. Í staðinn fyrir »fiskimjöl« komi:
fiskmjöl.
e. — — 12.a. Í staðinn fyrir »köfnunarefniskendum« komi:
hyldiskendum.
f. Næst síðasta málsgrein gr. orðist þannig:
Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefnd-
um atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki
um þau kunnugt.
Í staðinn fyrir »ábyrgist hann« í síðustu málsgrein, komi:
ábyrgist seljandi.

3. Við 4. gr.

Í staðinn fyrir »Stjórnarráðið getur í reglugerð ákveðið« komi:
Stjórnarráðið ákveður í reglugerð.

4. Við 6. gr.

Tölul. 3. Í staðinn fyrir »Stjórnarráðið getur látið gefa út eyðu-
blöð« komi:
Stjórnarráðið gefur út eyðublöð.

5. Við 9. gr.

Í staðinn fyrir »10—1000 krónum« komi:
100—2000 krónum.

Alþingi, 28. febr. 1921.

Hjörtur Snorrason,
form. og ritari.

Sigurður Jónsson,
framsm.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.